


Fjármögnun íslenskra kvikmyndaverka 2006-2009

Könnun á fjármögnun yfir hundrað íslenskra kvikmyndaverka sem framleidd voru á árunum 2006 - 2009 leiðir í ljós að framleiðslukostnaður þeirra var 10,6 milljarðar og þar af komu um 1,5 milljarðar úr kvikmyndasjóðum og rúmar 900 milljónir frá lðnaðarráðuneyti.

Tekjur ríkisins, eingöngu af launatengdum gjöldum og sköttum af launum, vegna þessara verkefna voru um 2,4 milljarðar - fyrir utan aðrar beinar og óbeinar skatttekjur. Það borgar sig með öðrum orðum að leggja fé í kvikmyndasjóði.

Í kaupbæti fáum við svo fjölda bíómynda, stuttmynda, heimildamynda og leikins sjónvarpsefnis sem öll þjóðin fær notið og er mikilvægur hluti af menningu okkar.

Þá eru ótalin þau áhrif sem þessi kvikmyndaverk, sem mörg hver eru sýnd víða um heim, hafa á kynningu landsins en íslenskar og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á bein áhrif kvikmynda á komu ferðamanna til landsins.



Sumarið í íslenski kvikmyndagerð hefur staðið frá 2007 þegar samningur mennta- og fjármálaráðherra við kvikmyndaiðnaðinn tók gildi.

Framlög til kvikmyndasjóða samkvæmt þessum samningi hafa nú verið skorin niður um 35%.